

hann hafi gefið ýmsum skiptavinum sínum í staupinu í búð sinni, og hefur undirdómarinn álitíð, að hann með því hafi brotið á móti fyrirmælum tilskipunar 13. júní 1787, 2. kap. 2. gr., en með því greindur lagastaður ekki verður skilinn öðruvísi en svo, að þar sje bannað að selja brennivín þannig, að þess sje neytt þar á staðnum, sem það er selt, og engin sönnun er komin fram fyrir því, að hinn kærði hafi selt neitt brennivín í búð sinni á þann hátt, þá ber að dæma hann sýknan af ákærum hins opinbera í þessu máli, og að greiða allan kostnað af því, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 12 kr. til hvors, úr opinberum sjóði.

Málið hefur fyrir undirrjettinum verið rekið með tilbærilegum hraða og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði Símon kaupmaður Johnsen á að vera sýkn af ákærum hins opinbera í máli þessu. Allur kostnaður af málinu, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Guðmundar Pálssonar, 12 kr. til hvors þeirra um sig, greiðist úr opinberum sjóði.

Mánudaginn 30. septembermán.

Nr. 1/1878: Helgi Sveinbjarnarson og
Simon Jónsson
gegn

Andresi Fjeldsteð og sýslumanninum
í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu
E. Th. Jonassen.

Dómur:

Með dómi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá 18. júlí f. á. eru áfrýjendurnir, hreppstjóri í Hvalfjarðarstrandarhreppi Símon Jónsson og hreppsnefndaroddviti í sama hreppi Helgi Sveinbjarnarson dæmdir til að greiða stefnda 96 kr. í kaup fyrir að vinna skrýmsli, er átti að hafa sjest nálægt bænum Katanesi í nefndum hreppi vorid 1876. Þeir hafa nú áfrýjað dómi þessum til ómerkingar eða breytingar og jafnframt stefnt hjeraðsdómaranum til þess að svara til málskostnaðar og yfirhöfuð að bera alla ábyrgð af dómi sínum.

Þegar sækjandi í hjeraði, Andres Fjeldsteð, lagði mál þetta til sætta, mætti hann ekki sjálfur fyrir sáttanefndinni, en sendi annan mann með umboðsskjal og var þar eptir þetta tilfært sáttanefndarbókinni: «Hinir ákærðu vildu ekki ganga að þeim sáttaboðum, sem kærandi hefur bundið sáttagjörðina við í fullmakt þeirri, er hann hafði gefið umboðsmanni sínum, er ekki þykist bær um að ganga að neinum öðrum sáttaboðum». Þar á móti sjest ekki, að sáttanefndin hafi vísað málinu til dóms og laga samkvæmt tilskipun 20. jan, 1797, 28. gr.

Með því að hlutaðeigandi sáttanefnd þannig virðist að hafa ætlað umboðsskjal það er umboðsmaður kæranda lagði fram, ónægilegt, sbr. 25. gr. tilskip. 20. jan. 1797, og með því að ekki hefir verið sannað síðan, að þessi ætlun sáttanefndarinnar hafi verið ástæðulaus, virðist ekki hafa farið fram lögleg sáttatilaun í málinu og það verður því eigi komist hjá að dæma hinu áfrýjanda hjeraðsdóm og alla undangengna meðferð málsins í hjeraði ómerka og að vísa málinu frá hjeraðsdóminum. Með tilliti til meðferðar málsins í hjeraði athugast, að þegar málið var tekið fyrir fyrsta sinni á aukapingi Borgarfjarðarsýslu var vitni yfirheyrt í málinu og

inir stefndu látnir svara í því áður en stefnan var lögð fram og málið lagt í dóm af hendi stefnanda. Enn fremur sjest ekki, að stefnanda eða hinum stefndu hafi verið leiðbeint í málinu til þess að gjöra formlegar kröfur o. fl. sbr. tilskip. 15. ágústmán. 1832 § 10. Samt virðist ekki alveg nægileg ástæða til þess að láta þessa meðferð hjeradsdómarans á málinu varða ábyrgð. Þar á móti kemst hinn stefndi Andres Fjeldsteð ekki hjá því að greiða áfrýjendunum málskostnað í hjeraði og fyrir yfirdómi með upphæð, er eptir málavöxtum virðist hæfilega ákveðin 25 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði hjeradsdómur og öll meðferð málsins í hjeraði skal ómerk vera og vísast málinu frá hjeradsdóminum. Hinum stefnda Andres Fjeldsteð ber að borga áfrýjendunum Símoni Jónssyni og Helga Sveinbjarnarsyni málskostnað í hjeraði og fyrir yfirdómi með 25 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti hann ella aðför að lögum.

Mánudaginn 14. októbermán.

Nr. 19/1878:

Hið opinbera
gegn

Nikulási Jafetssyni.

Dómur:

Með dómi kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur kaupstaðar 22. dag ágústmán. þ. á. er gestgjafi Nikulás Jafetsson dæmdur fyrir að hafa haft gesti í veitingastofu sinni aðfanganæturnar hins 18. og 26. júlí næsta á undan eptir miðnætti gegn banni lögreglustjórans í 10 kr sekt til lögreglusjóðs Reykjavíkur kaupstaðar og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi